



**Iðnaðarnefnd Alþingis**  
Nefndasvið / Ágúst Geir Ágústsson  
150 Reykjavík

5. desember 2002

**Efni: Þingsályktunartillaga um neysluvatn**

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 14. nóvember 2002.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér þingsályktunartillögu um neysluvatn.

Stjórn Landverndar tekur undir tillögunu.

Ferskt lindarvatn er mikilvæg auðlind. Íslendingar hafa mikið af góðu ferskvatni og á þjóðinni hvílir rík ábyrgð að fara vel með þessa auðlind. Nýlegar skýrslur sem Sameinuðu þjóðirnar hafa látið taka saman um ástand vatnsbúskapar á jörðinni benda til þess að í framtíðinni megi reikna með að neysluvatnsskorts kunni að gæta hjá mörgum þjóð. Þá gæti svo farið að íslenska vatnsauðlindin yrði þáttur í því að mæta þörf fyrir drykkjarvatn hjá öðrum þjóðum. Það má því segja að sú ábyrgð hvíli á íslensku þjóðinni að fara vel með vatnsauðlindina ef til þess kemur að það þurfi að deila henni með öðrum. Með því að skilgreina neysluvatn sem auðlind í lögum er betur vakin athygli á mikilvægi vatns og vatnsverndar.

Sameinuðu þjóðirnar hafa helgað árið 2003 vatni. M.a. af því tilefni væri vel til fundið að skipuleggja betur þá stjórnsýslu í þeim tilgangi vernda hana og nýta þannig að hún bæði þjóni þörfum samfélagsins í dag og verði aðgengileg fyrir komandi kynslóðir. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni bera fjölmargir aðilar stjórnsýslulega ábyrgð á neysluvatni. Til hagræðis væri skynsamlegt að fela einum aðila að bera ábyrgð á því að halda utan um þekkingu á auðlindinni og vera til ráðgjafar um nýtingu og verndun hennar.

Landvernd vill nota þetta tækifæri til að benda á að í verkefninu Vistvernd í verki, sem hefur það hlutverk að stuðla að vistvænna heimilishaldi, er sérstaklega fjallað um vatnið og hvaða leiðir má fara til að draga úr líkum á að því verði spillt og til að það verði sem best nýtt.

Virðingarfyllst,

  
Tryggvi Felixson  
frankvæmdastjóri Landverndar